

Hafnarfjarðarbær
Dagur: 14/6 2016
Númer: 1504368
Titill: 512



Hafnarfjarðarbær
Guðrún Guðmundsdóttir
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 9. júní 2016
Tilvísun: 201605083 / 3.4

Efni: Deiliskipulag Stapahrauns 11-12, Hafnarfjarðarbær

Hafnarfjarðarbær hefur, með erindi dags. 11. maí 2015, sent Skipulagsstofnun deiliskipulag Stapahrauns 11-12 til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 8. febrúar 2016.

Deiliskipulagið var samþykkt í skipulags- og byggingarráði, þann 8. mars 2016 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa um framkomnar athugasemdir, dags. 4. mars 2016.

Í deiliskipulaginu felst í að lóðirnar Stapahraun 11 og 12 eru sameinaðar í lóðina Stapahraun 11-12. Byggingar á lóð verða sambyggðar 1-2 hæðir og hæsti hluti mannvirkis má vera 10,2 m. Hámarks nýtingarhlutfall á lóðinni er 0,75.

Deiliskipulagið er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdætti í mkv. 1:500, ódagsettur.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þar sem deiliskipulagstillagan hefur ekki verið samþykkt í bæjarstjórn, en aðeins í skipulags- og byggingarráði. Bent er á að taka á deiliskipulagstillöguna til efnislegrar umræðu í bæjarstjórn áður en hún er auglýst að nýju. Rökstyðja þarf hvers vegna deiliskipulagsafmörkunin nær eingöngu til einnar lóðar en í gr. 5.3.1. í skipulagsreglugerð kemur m.a. fram að „deiliskipulag skal að jafnaði ná til reits eða svæða sem mynda heildstæða einingu eins og svæði með sömu landnotkun“.


Unnsteinn Gíslason